

## Skýrsla framkvæmdarstjóra Hrafseyrarnefndar 2011

Ný og endurbætt sýning um Jón Sigurðsson var opnuð á 200 ára afmæli hans á Hrafseyri 17. Júní síðastliðinn. Þann dag komu um 2500 manns á staðinn. Um 2000 þeirra hafa sennilega séð sýninguna þennan dag, sem var opinn mest allan daginn. Þar að auki komu 4264 sýningargestir á tímabilinu 18. Júní – 31. ágúst. Þannig hafa rúmlega 6000 manns (6264) séð sýninguna þetta fyrsta sýningarár hennar.

Fyrrihluti ársins 2011 fór eingöngu í að undirbúa 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, en verklegur undirbúningur á staðnum hafði þá staðið yfir frá 9. ágúst 2010 er safninu var lokað og smiðir, múrarar, málarar og píparar hófust handa við að breyta húsnæði staðarins fyrir hina nýju sýningu um ævi Jóns Sigurðssonar. Þeir unnu sleitulaust fram að áramótum en þá lokaðist Hrafseyrarheiði vegna snjóá. Einstaka sinnum var farið yfir á snjóbíl en fljótlega hætt við það vegna óhagræðis og kostnaðar. Vegurinn varð ekki greiðfær fyrr enn 31. mars en lokaðist þá fljótlega aftur. Þann 14. apríl hafði undirritaður og formaður Hrafseyrarnefndar svo fund með Vegagerðinni þar sem við báðum um að heiðin yrði rudd - sem og var gert. Samt lokaðist vegurinn af og til eftir það alveg fram á 19. maí, þótt hann væri opnaður aftur næsta dag.

Auk þess að vera í nær daglegu sambandi við Björn G. Björnsson, framkvæmdarstjóra Afmælisnefndar Jóns Sigurðssonar, Sigmundur Þórðarson, tilsjónarmanni verklegra framkvæmda á Hrafseyri eða Eirík Finn Greipsson, formann Hrafseyrarnefndar, fólst starf framkvæmdarstjóra fram að opnun sýningar (staðarins) 17. júní aðallega í að undirbúa framkvæmd hátíðarinnar á sjálfum staðnum. Hér var meðal annars um að ræða undirbúning að,

- Markaðstorgi á Hrafseyri þann 17. Júní, þ.e. auglýsingar í blöðum; svara fyrirspurnum fólks varðandi Markaðstorgið; veita upplýsingar og hafa samskipti við um það bil 20 söluaðila af þeim 14 sem að lokum tóku þátt í markaðnum; útbúa sölubása, innheimta leigu á söluaðstöðu og fleira í þeim dúr,
- samstarfi við Vegagerðina vegna heimreiðar; lögregluna á Vestfjörðum; slysavarnarfélag Þingeyrar; sýslumann og Ísafjarðarbæ auk útvegum tjalda, stóla, bekkja, salerna fyrir hátíðardaginn og fleira,
- sendingu boðskorta til allra heimila á Vestfjörðum auk hóps valinna gesta innan lands og utan,
- söfnun allra hátíðarræða sem haldnar hafa verið 17. júní á Hrafseyri og undirbúa þær til birtingar á heimasíðu Hrafseyrar,
- sýningu barna í 6. bekk allra grunnskóla á Vestfjörðum af myndum sem þau gerðu af Jóni Sigurðssyni í tilefni afmælis hans og hengdar voru upp til sýnis í burstabænum á Hrafseyri, og stóð sú sýning allt sumarið,
- upplýsingabanka Málagnastofnunar um Jón Sigurðsson fyrir skóla landsins,
- að lagningu girðingar kring um staðinn
- samskiptum og skipulagningu dagskrár, sem og á þátttöku ýmissa aðila í dagskrá 17. júní svo sem lúðrasveitar tónlistarskóla Ísafjarðar, hópsiglingu skipa að Hrafseyri, þátttöku félaga úr leikfélagi Arnarfjarðar, þátttöku glímufélaga Harðar í glímusýningu, lagningu blómsveigs

forseta Íslands að bautasteini Jóns, uppsetning markaðar, pöntun hótél herbergja fyrir gesti og þátttakendur hátíðarinnar sem komu lengra að (Reykjavík/Kanada) og þeirra sem sáu um uppsetningu afmællissýningarinnar og fleira.

- námskeiði Sumarháskólans um safnfræðslu þann 26.-28. ágúst síðastliðinn. Leitað tilboða í ferð með þátttakendur í safnaskoðunarferð í Selárdal og Bíldudal. Útbúin kostnaðar- og námskeiðslýsing fyrir námskeiðið og send í alla grunnskóla landsins (nema grunnskóla á Austfjörðum). Styrkumsóknir til fyrirtækja á svæðinu auk mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Framkvæmdarstjóri tók engan verklegan þátt í endurnýjun húsnæðisins eða blandaði sér í vinnu/verk smíða, múrara eða annarra iðnaðarmanna á staðnum, sem var að öllu leyti á hendi tilsjónarmanns verksins, Sigmundar Þórðarsonar og byggingardeildar ráðuneytisins, enda hafði hann engar forsendur til þess. Í stað þess reyndi hann eftir bestu getu að fylgjast með verkefninu, hliðra til og aðstoða verktaka þegar ástæða var til og til hans var leitað.

## **17. júní. 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar**

Hátíðarhöldin fóru mjög vel fram og samkvæmt áætlun, þótt heldur kalt hafi verið í veðri. Eins og áður segir reiknast okkur til að það hafi verið um það bil 2500 manns á staðnum þennan dag. Hinsvegar gengu lokaskrefin í undirbúningi fyrir sjálfan hátíðardaginn hálf brösulega vegna hvassviðris. Við fengum tjöldin seinnipart þriðjudags þann 14. júní og var strax hafist handa við að tjalda. Þetta voru 3 tjöld, þar sem eitt þeirra var stórt 400 m<sup>2</sup> brúðkaupstjald (frá Seglagerðinni í Reykjavík) ætlað sem kaffi/matar tjald fyrir gesti, en hin 2 voru „minni“ tjöld ætluð fyrir Markaðinn og hina 14 söluaðila.

Um morguninn þann 15. var orðið svo hvasst að þeir menn sem aðstoðuðu við að setja upp stóra tjaldið urðu að gefast upp við það og sneru sér þá að minni tjöldunum. Á meðan á því stóð kom skyndilega mikil hviða sem feykta tjaldseglinu af tjaldgrindinni. Tveir aðstoðarmannanna slepptu ekki takinu á tjaldseglinu heldur flugu marga metra í loftinu með því og skullu síðan á jörðina. Munaði þá litlu að slys hefði orðið, því annar mannanna lenti á bakinu við hliðina á stóru grjóti. Kalla varð allt tiltækt lið verka- og iðnaðarmanna auk tækja til að tryggja að tjöldin kæmust upp. Og upp komust tjöldin fyrir 17. júní, sem betur fer, því þau gerðu það að verkum að betur fór um fólk á staðnum en ef þeirra hefði ekki notið við, enda veður hálf hryssingslegt sjálfan þjóðhátíðardaginn.

## **Þátttaka framkvæmdarstjóra í eftirtöldum ráðstefnum :**

25. mars. Viðstaddur ráðstefnunni „Jón Sigurðsson og atvinnulífið“, Hofi, Akureyri

8.- 9. Apríl. Ráðstefna um þjóðfélagsfræði haldin í Háskólasetri Vestfjarða. Framkvæmdarstjóri hélt fyrirlesturinn „Hrafnsseyri – til hvers?“

4. apríl. Viðstaddur opnun sýningarinnar „Lítill fiskibók“ í Byggðasafni Vestfjarða

12. apríl. Viðstaddur fyrirlestur um söfn og stafræna miðlun í ReykjavíkurAkademíunni á vegum Mannfræðifélags. Fyrirlesari Dr. Paul Basu.

26.- 27. mæi. Ráðstefna um stofnun rannsóknarklasa á Vestfjörðum. Framkvæmdarstjóri hélt fyrirlestur um „Stefnumótun fyrir Hrafnsseyri“

6. og 7.okt. Viðstaddur ferðamálaþing landsins haldið í Edinborg.

7. desember. Viðstaddur ráðstefnunnar „Afmælisári Jóns Sigurðssonar lýkur“ haldin í Þjóðminjasafni, Dómkirkjunni og hátíðarsal Háskóla Íslands

Framkvæmdarstjóri útbjó einnig námskeið í félagsvísindum, sem hann kallaði, „*Hvað eru persónuleg- og hópeinkenni (t.d. þjóðareinkenni) og í hverju eru þau fólgin?*“ er halda átti í Háskólasetri Vestfjarða í samvinnu við HA. Vegna breyttrar stöðu Hrafseyrar (þ.e. komandi tengsl staðarins við HÍ) var ákveðið að bíða með þetta þangað til séð verður hvernig samstarfið við HÍ muni líta út.

Framkvæmdarstjóri tók þátt í hinum ýmsu fundum á tímabilinu á vegum Hrafseyrar. Þar má nefna fundi með Markaðsstofu Vestfjarða um auglýsingaherferð fyrir afmælið (sem ekkert varð úr), Afmælisnefnd, Vestfirðir á miðöldum, forsætisráðuneytinu, Framkvæmdarnefnd um Hrafn Sveinbjarnarson 2013, menntamálaráðuneytinu, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, lögreglustjóranum á Ísafirði og fleiri aðilum auk þriggja funda í Hrafseyrarnefnd.

## Nýja sýningin um Jón Sigurðsson

Hin nýja sýning um ævi Jóns Sigurðssonar hefur verið rómuð af nær öllum sem sótt hafa staðinn heim í sumar. Hingað til hafa flestir gestir heimsótt Hrafseyri til þess að fá sér kaffi í burstanænum. Einungis lítill hluti þessara gesta (á að giska 1/3 þeirra) sem heimsótt hafa staðinn á þeim tíma sem framkvæmdarstjóri hefur verið við störf (2005), leit við á gömlu sýningunni sem staðið hafði óbreytt frá árinu 1980, þegar hún var fyrst sett upp. Í sumar komu hins vegar allir gestir til að skoða sýninguna. Það hefur því orðið mikil breyting á aðsókn á sýningu staðarins frá því sem áður var, þótt fæstum gestanna hafi verkið kunnugt um að enginn aðgangseyrir væri á sýninguna þetta sumarið. Framkvæmdarstjóri var einn af fleiri prófarkalesurum texta nýju sýningarinnar áður en hún var opnuð. Eftir lokun safnsins í haust, sá hann um yfirlestur og leiðréttingu á villum í uppsetningu sýningarinnar.

Á þessu fyrsta sýningarári komu upp vandamál varðandi tæki sem notuð eru á sýningunni. Þannig fór einn skjárin í svart (blackout) nokkrum sinnum yfir daginn á meðan á sýningartíma stóð. Einnig er bagalegt að ekki sé hægt að hækka/lækka í hátölurum sýningarinnar, en það var mjög nauðsynlegt að meta það smám saman hver væri rétta stillingin. Bæði undirritaður og forsætisráðuneytið hafa haft samband við þá aðila sem settu upp þessi tæki með það fyrir augum að fá þetta lagfært, en án árangurs.

Helsta breytingin sem fylgir þessari nýju sýningu vinnulega séð miðað við gömlu sýninguna er annars vegar, að gólf sýningarinnar og klósett eru nú skúruð og þrifuð á hverjum morgni áður en sýningin opnar kl. 10 og þurrkað er af skjám og öðrum glerveggjum sem óhreinkast hafa daginn áður, og hins vegar þarf nú starfsmaður að vera stanslaust við sölubás sýningarinnar þar sem aðgangseyrir og minjagripir eru seldir gestum, og getur hann/hún ekki sinnt (og má ekki sinna) öðrum verkefnum á meðan. Þessu var ekki svona farið við gömlu sýninguna vegna þess að þangað komu ekki eins margir gestir eins og á nýju sýninguna, og þá var heldur engin minjagripasala (nema kanna og vasi, sem mjög fáir keyptu). Framkvæmdarstjóri gat þá skotist til ýmissa útiverka, s.s. að vökva grasið eða jafnvel slegið bæjarhlaðið á meðan hann hafði opið á safnið. Nú þarf hins vegar fastan starfsmann til þess eingöngu að sjá um sölu aðgangseyris og minjagripa (frá kl. 10-20 alla daga) og annan starfsmann til að sjá um slátt, snyrtingu og vökvun túnsins og burstabæjarins auk annarra tilfallandi úti- og inniverka, eins og t.d. að sækja póstin, kaupa inn mat og aðrar nauðsynjar fyrir staðinn.

Fjórar konur frá „Veraldarvinum“ voru á Hrafseyri í vikunni kringum 17. júní til að aðstoða við þrífnað, veitingar og annað tilfallandi.

Í haust fór fram skráning lausra eigna á Hrafseyri (sjá meðfylgjandi skjal )

Starfsmaður Ríkisendurskoðanda kom í heimsókn í sumar og fór yfir reikninga staðarins árið 2010. Hann staðfesti það sem Hrafseyrarnefnd hafði tjáð forsætisráðuneytinu mörg undanfarin ár, að fjárveiting ársins að upphæð 7.9 millj. kr. sem ætluð var til reksturs staðarins væri of lítil miðað við þá starfsemi sem var á staðnum. Og eins og sjá má af skýrslunni hér að framan þá varð mikil breyting á rekstrarförsendum sýningarinnar við þær breytingar sem nú eru áorðnar.

## **Girðingar**

Ný girðing var sett í kring um Hrafseyri og var það mikið þarfaverk, því ásýnd staðarins var farinn að líða fyrir hinar lélegu girðingar sem ekki höfðu verið endurnýjaðar í mörg ár. Þrír herra menn og vinir Hrafseyrar girtu staðinn í sjálfböðavinnu og áttahagafélag Önfirðinga útvegaði hluta girðingarefnisins.

## **Sláttur túna**

Tún staðarins voru slegin og hirt af tengdasonum bóndanns á Auðkúlu (sem fór í eyði 2007). Í stað þess að borga fyrir sláttinn eins og undanfarin ár, var samið við annan þeirra (Guðjón) um að hann fengi járngrindur úr einni kró fjárhúsins, því þessar grindur eru farnar að riðga allverulega vegna notkunarleysis og geta því orðið hættulegar skepnum og mönnum ef þær verða ekki fjarlægðar bráðlega. Fyrirliggur samningstillaga frá Guðjóni um að slá túnin næstu árin sem Hrafseyrarnefnd verður að taka til meðferðar.

## **Stefnumótun fyrir Hrafseyri**

Á síðasta fundi Hrafseyrarnefndar í desember árið 2010 var framkvæmdarstjóra falið að koma með uppkast að stefnumótun fyrir Hrafseyri næstu 10 árin, sem eftir umsögn nefndarmanna var samþykkt skömmu eftir áramót 2011. Í stefnumótuninni voru lögð drög að framtíðarskipulagi staðarins þar sem m.a. er ákveðið að gera staðinn að rannsóknar- og kennslusetri sem hafi það markmið að vera miðstöð þverfaglegra og fjölbjóðlegra rannsókna í greinum er tengjast þjóð, þjóðerni og þjóðernisstefnu og miðli þekkingu á þessum fræðum gegnum ráðstefnur, námskeið, kennslu o.fl.

## **Prófessorstaða tengd nafni Jóns Sigurðssonar**

Undirritaður skrifaði greinagerð að þingsályktunartillögu fyrir alþingi um prófessorstöðu tengda nafni Jóns Sigurðssonar með aðsetur á Vestfjörðum og Hrafseyri sem kennslu- og rannsóknarseturs að beiðni Björns G. Björnssonar framkvæmdastjóra afmælisnefndar. Eftir auglýsingu HÍ á stöðunni í haust hafa farið fram bréfaskriftir til ýmsa aðila vegna auglýsingarinnar. Hugmynd Hrafseyrarnefndar var að prófessorinn hefði starfsstöð og búsetu í Ísafjarðarbæ eða nágrenni, eins og forsætisráðherra greindi skilmerkilega frá í hátíðarræðu sinni á Hrafseyri þann 17. júní í sumar. HÍ virðist hins vegar ekki ætla að gera búsetu prófessorsins að skilyrði fyrir stöðuveitingunni og hundsar þannig bæði ósk Hrafseyrarnefndar og yfirlýsingu forsætisráðherra Íslands.

## **Fjármál Hrafnsýrar:**

Þann 25. janúar 2011 sendi Hrafnsýrarnefnd forsætiráðuneytinu greinagerð og bréf með beiðni um auka framlag til uppgjörs á áföllnum kostnaði ársins 2010 við breytingar á húsnæði, auknu viðhaldi húsa og umhverfis alls að upphæð 3.710 þús.kr. Auk þess óskaði nefndin eftir fjárveitingu vegna kostnaðar við dagskrá á Þjóðhátíðardaginn 17. júní n.k. að upphæð kr. 6,6 millj.kr. Í þriðja lagi óskaði nefndin eftir auka framlagi til uppsetningar skilta og endurnýjunar girðingar að upphæð kr. 1,5 millj., eða samtals 11. 8 millj. kr.

Þann 9. mars sendi Hrafnsýrarnefnd forsætisráðuneyti fjárveitingarbeiðni vegna reksturs Hrafnsýrar fyrir árið 2012. Þar var óskað eftir fjárveitingu til reksturs staðarins á árinu 2012 að upphæð kr. 12,7 millj. í samræmi við tillögur Hrafnsýrarnefndar um skipan reksturs og starfsmannahalds á Hrafnsýri. Þar að auki var óskað eftir fjárveitingu til viðhalds og viðgerða á burstabæ Jóns Sigurðssonar að upphæð 2,5 millj. kr. Þá var ítrekuð ósk nefndarinnar um auka fjárframlag til uppgjörs vaxtakostnaðar af viðskiptareikningi nefndarinnar sem nam í lok ársins 2010 liðlega 1,3 millj.kr.Ennfremur var ósk nefndarinnar ítrekuð frá 25. janúar um aukafjárveitingu vegna undirbúnings 200 ára afmælisársins 2011, kostnaðar við sjálf hátíðarhöldin 17. júní og vegna uppsetningar skilta og endurnýjunar girðingar á staðnum.

Þann 24. mars var svo fundur okkar í forsætisráðuneytinu. Ráðuneytið féllst á að greiða nefndinni kr. 3.700.000 vegna hallareksturs og kr. 4.000.000 vegna viðbótarútgjalda sem tengjast hátíðarhöldum 17. júní 2011, eða samtals kr. 7.700.000 viðbótarfjármagn á árinu 2011.

Þegar búið var að borga útistandandi reikninga í lok júlí voru allir fjármunir Hrafnsýrarnefndar uppnir, og ekkert fjármagn til greiðslu reikninga aðgengilegt fyrr en í lok óktóber eftir fund í ráðuneytinu.

Þann 28. október var svo fundur í forsætisráðuneytinu þar sem ákveðið var að ráðuneytið setti inn 5 millj. kr. á reikning Hrafnsýrar, auk þess sem Hrafnsýrarnefnd bauðst til að reyna að fá þær 1,5 -2 millj. kr. sem formaður nefndarinnar taldi sig hafa loforð um frá Landsbankanum sem styrk til 17. Júní hátíðarhaldanna á Hrafnsýri. En strax þá var ljóst að þó Landsbankinn styrkti nefndina dygði framlag ríkisins ekki til að greiða áfallinn kostnað og útgjöld til áramóta. Ekki var útkljáð hvernig mæta ætti öllum útistandandi skuldum sem safnast höfðu upp um sumarið auk launa framkvæmdarstjóra. Formaður og framkvæmdastjóri tóku að sér að semja við lánardrottna eins og t.d. karlakórinn Erni, Gámaþjónustu Vestfjarða, Landsflutninga, rafvirkja og fleiri aðila um að greiða þeim á nýju ári. Því miður hafa aðrir reikningar komið fram eftir þann fund sem formaður Hrafnsýrarnefndar og framkvæmdastjóri áttu í ráðuneytinu, í lok október. Eru það reikningar eins og t.d. stór rafmagnsreikningur frá Orkubúi Vestfjarða og reikningur frá tilsjónarmanni framkvæmda á Hrafnsýri, auk hins almenna reksturs á staðnum.

Á áramótum er staðan því sú að Hrafnsýri er með ógreidda reikninga upp á kr. 5.273.371 og hefur framkvæmdarstjóri nær daglega verið að hringja í þessa lánardrottna/birgja og biðja þá um að bíða með að setja reikningana í innheimtu því þeir muni verða borgaðir. Nú er svo komið að Síminn hótar að loka fyrir síma Hrafnsýrar (þ.e. gsm síma framkvæmdarstjóra) þann 27. janúar næstkomandi og engin leið að biðja lánardrottna um frekari frest, enda umburðarlyndi þeirra búið að vera ótrúlegt.

Þetta er auðvitað ömurleg staða fyrir Hrafnseyrarnefnd að ljúka störfum sínum á, sem og fyrir framkvæmdarstjóra og alls ekki Hrafnseyri til sóma. Frá mínum bæjardryrum séð er þetta kannski sérstaklega óþægileg staða þegar haft er í huga að hún er tilkomin vegna vanmats okkar allra á kostnaði 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar en ekki vegna almenns reksturs staðarins. Fullkomlega er ljóst að allur sá kostnaður sem sprengt hefur fjárhagsramma Hrafnseyrar vegna 2011, er tilkominn vegna mjög mikils kostnaðar við endurbætur á húsnæði og uppsetningu sýningar Jóns Sigurðssonar. Þannig er engin önnur skýring á hinum gífurlega háa (uppgjörs)orkureikningi frá Orkubúi Vestfjarða, en að hann hafi orðið til vegna vinnu iðnaðarmanna nánast allt frá því haustið 2010 til þjóðhátíðardags.

Hrafnseyrarnefnd lauk störfum um síðastliðin áramót og málefni staðarins flutt yfir til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Af þeim sökum er algjörlega óviðunandi að ekki sé gengið frá öllum málum vegna ársins 2011 hið fyrsta. Samkvæmt samtölum mínum við fráfarandi formann Hrafnseyrarnefndar, þá hefur honum ekki tekist að fá fullnustu á styrkveitingu þeirri sem hann hafði gert sér vonir um frá Landsbankanum, en hann tjáir mér að hann mun engu að síður reyna að fylgja því máli eftir þó komið sé nýtt ár.

## **Samstarf við ýmsar stofnanir**

**Safnafræðideild HÍ.** Samstarf við Safnafræðideild HÍ (Dr. Sigurjón B. Hafsteinsson) varðandi námskeið um safnafræði á Sumarháskóla Hrafnseyrar. Erfiðlega gekk að fjármagna námskeiðið því Menningarráð Vestfjarða styrkir ekki kennslunámskeið og fyrirtæki í nánasta umhverfi eru ekki mörg eða aflögufær. Þess vegna var það ákaflega ánægjulegt, og raunar það sem bjargaði námskeiðinu, að Mennta- og menningarmálaráðuneytuð skyldi veita okkur styrk upp á 300.000 kr., og Sparisjóður Bolungarvíkur 50.000 kr.

Kennarar á námskeiðinu voru auk Dr. Sigurjóns þau Alma Dís Kristinsdóttir, M.Ed. og dipl. í safnafræði og Bergsveinn Þórsson, BA í listfræði. Einnig hélt undirritaður fyrirlestur um Hrafnseyri fyrir þátttakendur. Fjöldi þátttakenda á námskeiðinu var 11 manns sem er eitt hið fjölmennasta námskeið sem haldið hefur verið við Sumarháskólann á Hrafnseyri frá því hann hóf starfsemi sína árið 2006. Flestir þátttakenda störfuðu við söfn nema tveir þeirra sem voru kennarar. Allir þátttakendurnir voru mjög ánægðir með námskeiðið. Kennararnir í þátttakendahópnum ráðlögðu okkur að sníða námskeiðið meira gagnert að þeirra vinnustað, þ.e. grunn- og framhaldsskólanum, til þess að ná fleiri kennurum á námskeiðið, en það er einmitt ósk okkar.

## **Byggðasafn Vestfjarða**

Framkvæmdarstjóri leitaði til allra safna á Vestfjörðum og bauð þeim að vera þátttakendur í safnfræðslunámskeiði Sumarháskólans. Eina safnið sem svaraði tilboðinu var Byggðasafn Vestfjarða, sem sendi einn manna sinna á námskeiðið.

## **Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða.**

Náttúrustofa Vestfjarða gerði fornleifaskráningu á staðnum 2009 (en Hrafnseyri hefur enn ekki mótttekið reikning frá Náttústofu fyrir verkinu) og þegar tekin var ákvörðun um að setja niður nýja

vatnslögn í vor, var haft samband við fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða til að vera viðstadda niðurlagningu vatnslagnarinnar vegna fornminja á staðnum. Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og fornleifadeild Náttúrustofu hafa undanfarin tvö ár sótt um miðla til rannsókna á Hrafnseyri í ýmsa sjóði eins og t.d. Fornleifasjóð, Þjóðhátíðarsjóð og til fleiri aðila, þar með talið Vestfirði á miðöldum. Það var meðal annars vegna þessa samstarfs, sem Hrafnseyrarnefnd veitti fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða leyfi til uppgreftrar á Hrafnseyri næstu árin og hóf Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur Náttúrustofu Vestfjarða uppgröft á nokkrum prufuholum í ágúst síðastliðinn og mun halda því áfram næsta vor. Vegna misskilnings, hélt Fornleifastofnun Íslands, sem er sjálfstæð stofnun, að þeir ættu að grafa þessar prufuholur, en eins og fyrr segir, þá var fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða veitt uppgreftrarleyfi á Hrafnseyri næstu árin, svo allur uppgröftur á staðnum verður að fara gegnum Náttúrustofu svo lengi sem þeir hafa leyfið (þ.e. 5 ár).

### **Vestfirðir á miðöldum**

Hrafnseyri og Safn Jóns Sigurðssonar er meðlimur af félaginu Vestfirðir á miðöldum. Í ár sótti Safn Jóns Sigurðssonar og Náttúrustofa Vestfjarða sameiginlega um og fengu styrk upp á 1 millj. kr. hjá Vestfirðir á miðöldum til að hefja fornleifauppgröft á Hrafnseyri.

Einnig ber að nefna að Torfi H. Tulinius situr fyrir hönd Vestfjarða á miðöldum í framkvæmdarnefnd ráðstefnu um Hrafn Sveinbjarnarson, sem haldin verður haustið 2013 á Hrafnseyri (sjá hér fyrir neðan).

### **Framkvæmdarnefnd ráðstefnu um Hrafn Sveinbjarnarson 2013**

Árið 2013 verða 800 ár liðin frá því að Hrafn Sveinbjarnarson var tekinn af lífi á Hrafnseyri. Í því tilefni stofnaði undirritaður framkvæmdarnefnd til að sjá um ráðstefnu um Hrafn það ár. Nefndina skipa auk undirritaðs, Sigurður Guðmundsson sviðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs fyrir hönd HÍ, Vilhelmína Haraldsdóttir framkvæmdastjóri lyflækningasviðs Landsspítala Íslands fyrir hönd Félags Áhugamanna um Sögu Læknisfræðinnar, Guðrún Nordal fyrir hönd Stofnununar Árna Magnússonar og Torfi H. Tulinius fyrir hönd Vestfjarða á miðöldum.

## Áætluð starfsemi 2012.

- **Sýningin um Jón Sigurðsson** verður opnuð ferðafólki 1. júní – 31. ágúst. Daglegur opnunartími safnsins verður kl. 10-18 (í stað kl. 10-20) alla daga. Annars eftir samkomulagi. Það er eftir að ákvarða aðgangeyri inn á sýninguna, en eins og áður greinir þá var enginn aðgangeyri á afmælisári Jóns Sigurðssonar .
- **17. júní dagskrá.** Hin nýja stjórn Hrafseyrar verður að ákveða fljótlega hvort þessi dagur verði haldin eins og venjulega eða ekki. Ef hann verður haldinn eins og venjulega, þ.e. með messu, hátíðarræðu og hátíðardagskrá auk listsýningar þá verður nefndin að ákveða prest, ræðumann/konu og listamann/konu og fleira þessu tengt.
- **Unnið verði með heimasíðu staðarins**, þ.e. [www.jonsigurdson.is](http://www.jonsigurdson.is) sem var síða afmælisins en verður nú opinber síða Safns Jóns Sigurðssonar og Hrafseyrar. Til þess að heimasíðan drabbist ekki niður, verður að leggja áherslu á að reka hana í samstarfi við ábyrgan aðila sem aðstoði framkvæmdarstjóra í að byggja hana upp enn frekar og aðlaga að starfsemi staðarins.
- **Sumarháskóli í safnfræðslu** fyrir kennara og safnafólk verður haldið 24.- 26. ágúst, eins og síðasta sumar í samstarfi við HÍ (Sigurjón B. Hafsteinsson).
- Undirritaður hefur áhuga á að fá **fleiri aðila frá HÍ til að halda námskeið í Sumarháskóla Hrafseyrar**. Í þessu augnamiði stofnaði hann ráðgjafa og aðstoðarnefnd árið 2010 með kennurum frá hinum ýmsu deildum HÍ. Nefndina skipa Ólafur Þ. Harðarson (stjórnmálafræðiskor), Þráinn Eggertsson (hag- og viðskiptafræðiskor), Kristín Loftsdóttur (mannfræðiskor) og Guðmundur Hálfðánarson (sagnfræðiskor). Inn í þennan hóp kemur væntanlega nýji prófessorinn sem ráðinn verður í stöðuna sem kennd er við Jón Sigurðsson og á að aðstoða Sumarháskólann við þverfagleg námskeið á staðnum. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þetta samstarf við HÍ haldi áfram og eflist enn frekar í nánustu framtíð.
- Áframhaldandi **undirbúningur að ráðstefnu um Hrafn Sveinbjarnarson í ágúst 2013** á Hrafseyri í tilefni þess að 800 verða þá liðin frá því að Hrafn var tekinn af lífi á Hrafseyri (1213).
- **Fornleifauppgröftur** verður í 2-3 vikur í ágúst á vegum Náttúrustofu Vestfjarða undir stjórn Margrétar H. Hallmundsdóttur fornleifafræðings, sem mun hafa um 8 innlenda og erlenda nemendur sér til aðstoðar við uppgröftinn.
- **„Field school“ í fornleifafræði á Hrafseyri?** Í sumar kom með Margréti annar fornleifafræðingur til Hrafseyrar og aðstoðaði hana við uppgröftin. Hún heitir Dr. Rhonda R. Bathurst frá The University of Western Ontario í Kanada. Hún hefur mikinn áhuga á að stofna svokallaðan „Field school“ fyrir nemendur sína í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða með aðsetur á Hrafseyri.

Hér er vert að taka fram að nemendur Margrétar og nemendur Sumarháskólans verða að gera sér að góðu að sofa á „kapelluloftinu“ þótt þar vanti löggiltan brunaútgang, og fara í bað inni í íbúð framkvæmdarstjóra. Þetta er að sjálfsögðu ekki boðlegt nemendum, framkvæmdarstjóra né virðingu staðarins til lengdar, og því verður hin nýja stjórn Hrafseyrar að bregðast við þessu máli fljótlega.

**Burstabærinn**, er annað mál og stærra, sem hin nýja Hrafseyrarnefnd verður að ræða, en ekkert viðhald hefur farið fram á bænum síðan hann var byggður 1997. Þannig er torfið á þaki bæjarins orðið mjög lélegt, auk þess sem bærinn hriplekur og þarfnast málningar (sjá einnig sérstaka úttekt á burstabænum sem gerð var fyrir fáum árum).



## Vöntunarlisti

Að beiðni Forsætisráðuneytis sendi framkvæmdarstjóri bréf í byggingardeild ráðuneytisins, þar sem hann taldi upp þau atriði sem eftir á að gera vegna 200 ára afmælisins en var frestað í bili vegna fjárskorts. Ég sendi þennan lista sem viðhengi með skýrslunni. Ég vil samt nefna hér þau helstu atriði sem þarf að koma í lag sem fyrst.

- **Laga vatnið.** Vatnið er ódrekkandi eins og er vegna þess að þegar settur var stærri vatnstankur niður í stað þess gamla var sennilega komið ofan á kyrrstætt vatn, sem gerir það mjög bragðvont. Það er því ekki hægt að selja fólki kaffi úr þessu vatni.
- **Internet.** Þar sem gera á staðinn að kennslu- og fræðasetri þá verður að koma upp almennilegri internettengingu. Nú er ekki hægt að vera í internetsambandi nema viðkomandi eigi „öflugan G3 pung“.
- **Ljósmyndavél.** Framkvæmdarstjóri hefur undanfarið ár haft lánaða myndavél til töku á myndum fyrir heimasíðu Hrafnsýrur því myndavél staðarins er ónýtt.
- **Sterkari dælu á útidyrnar** á framhlið húsin. Þær opnast ekki í austan golu og lokast ekki í vestan golu. Vantar einnig kveikjara/slökkvara á sjálfa dæluna á báðar hurðir svo hægt sé að halda þeim opnum í logni og hita
- **Kveikjara/slökkvara í kapellu.** Kveikjarinn í kapellunni er nú á almenningssalerni, sem er óþolandi.
- **Ungbarnaborð** á stærra klósettið (gæti verið hengt á vegginn). Þó nokkuð spurt um þetta af gestum.
- **Nýgalvaniserað handrið** á svalir. Þetta handrið hefur alltaf verið á svölunum á húsinu en var tekið niður í ár til galvaniseringar en ekki sett upp aftur í ár vegna sparnaðar. Áætlað var að setja það upp á þessu ári.
- **Brunastiga á kapelluloft.** Hér er um forgangsaatriði að ræða, því engin önnur útgönguleið er af loftinu nema núverandi stigi, niður á milliloft fyrir kirkjukór. Mjög einfalt er að leysa þetta með því að stækka glugga á bakhlið húss og setja þar upp svo kallaðan „bruna-fellistiga“.

Og svo þarfnast húsið viðgerða að utan og málunar, því málningin er farin að flagna af því, sérstaklega að ofanverðu.

Framkvæmdarstjóri vill einnig taka þátt í ráðstefnu sem heitir „The Re/theorisation of Heritage Studies“ og haldið verður í Gautaborg 5-8 júní 2012, þar sem hann hefur áhuga á að kynna og ræða Hrafnsýri og hina nýju sýningu um Jón Sigurðsson.

Suðureyri 23. janúar 2012

Valdimar J. Halldórsson  
Framkvæmdarstjóri Hrafnsýrarnefndar og  
staðarhaldari á Hrafnsýri